



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 21. janúar 1988.

129. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans
fimmtudaginn 21. janúar 1988 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Eggert Ólafsson, Bogi Hallgrímsson, Ólafur Eggertsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Jón Gunnarsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og óskaði þeim gleðilegs árs. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun og uppgjör viðbyggingar.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1988 og uppgjör viðbyggingar voru til umræðu. Ákveðið var að senda stjórn SSS bréf sem svar við bréfi dagsettu 4. janúar 1988.

2. Önnur mál.

a) formaður las bréf frá Menntamálaráðuneytinu um endurskoðun á námi í fiskeldi. Svares við beiðni FS um fiskeldisbraut er að vænta fljótlega.

b) skólameistari las bréf frá Menntamálaráðuneytinu þar sem skólinn fær heimild til að reka framhaldsdeildir í mál-

iðnaði. Skólanefnd fagnar þessari ákvörðun ráðuneytisins.

c) skólameistari sagði frá stöðu mála með Tölvuskóla Suðrunesja. Undirtektir hafa verið góðar svo vonast er til að kennsla geti hafist í febrúar. Skólameistari óskar eftir heimild skólanefndar til að kaupa þessar tölvur hið bráðasta svo kennsla geti hafist á fyrirhuguðum tíma. Skólanefnd heimilar þessi kaup innan ramma loforða, að viðbættri einhverri upphæð frá skólanum.

d) dagana 15.-19. janúar verða Tyllidagar í FS. Þeir verða með svipuðu sniði og starfsdagar undanfarinna ára, útivist, skíðaferðir, kynning á framhaldsnámi og atvinnulífi á Suðurnesjum ásamt og fyrstu útsendingum útvarps FS.


e) gögnum dreift um tilboð sem borist hafa í brunavarna-kerfi fyrir skólann. Afgreiðslu frestað þar til endanleg fjárhagsáætlun liggur fyrir.

d) skólameistari sagði frá fyrirhugaðri ferð kennara og nemenda, sem lengst eru komir í þýskunámi, til Þýskalands í vor.

e) fram kom að nemendur í dagskóla eru um 540 á þessar önn.

f) fundur með kennurum var ákveðinn miðvikudaginn 3. febrúar 1988 kl. 11.30.

Fleira ekki gert. Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi um kl. 18.45.



Guðmundur Björnsson
formaður



Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari